

## **Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórн Reykjavíkurborgar og fundarsköп borgarstjórnar**

Árið 2023, þriðjudaginn 24. október kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1132. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14. Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson og Sigurður Stefán Karlsson. Fundarritari var Brynjar Þór Jónasson.

### **Petta gerðist:**

- Ármúli 3 - USK23090054** Sótt er um leyfi fyrir breytingum á innra skipulagi 4. og 5.hæðar byggingar á lóð nr.3 við Ármúla. Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

- Bæjarháls 100 – USK23090094** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058735. Breytingin felst í að uppfæra brunavarnalýsingu fyrir hús á lóð nr. 100 við Bæjarháls. Gjald kr. 14.500.

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

- Dragháls 14-16 - USK23040030** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 2. hæðar ásamt því að stækka núverandi millipalli og fjarlægja annan millipall innan sömu hæðar fyrir Stoð sem verður þar með verslun, verkstæði, lager og skrifstofu í húsi á lóð nr. 14-16 við Dragháls. Stækkun: 221,4 ferm.

Erindi fylgir greinagerð brunahönnuðar dags. 11. janúar 2023

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 22. ágúst 2023

Gjald kr. 14.000.

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda.*

- Egilsgata 32 - USK23090098** Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi frá 02. júní, 2021 - BN055255. Vegghæð er lækkuð úr 3.5m í 3.15m. Veggir verða staðsteyptir í stað steypta eininga. Gjald kr. 14.000.

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda.*

- Frakkastígur 24 - BN060777** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN0478016 þannig að gerð er grein fyrir opnum yfir í sólstofu á 1. hæð og geymslu undir svölum í einbýlishúsi á lóð nr.

24A við Frakkastíg.

Stækkun: 12,1 ferm., 21,3 rúmm.

Gjald kr. 12.600.

*Frestað. Lagfæra skráningu.*

6. **Grettisgata 34 - USK23070236** Sótt erum leyfi til að fá ósamþykkta íbúð, samþykkta í húsi á lóð nr. 34 við Grettisgötu. Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

7. **Grettisgata 98 - USK23040028** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059348 vegna lokaúttektar, þ.e. gluggi á svölum minnkaður og brunamótsstaða glers fjarlægð í húsi á lóð nr. 98 við Grettisgötu.

Erindi fylgir greinargerð um breytingar dags. 19. október 2023.  
Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.*

8. **Hagatorg 1 - USK23090099** Sótt er um stöðuleyfi fyrir vinnubúðir á lóð nr. 1 við Hagatorg  
Gjald kr. 14.500.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

9. **Hofteigur 23 - USK23090306** Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr í norðvesturhorni lóðar ásamt því að breyta innra skipulagi og últiti húss á lóð nr. 123 við Hofteig.  
Gjald kr. 14.500.

*Frestað.*

*Málínu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

10. **Holtavegur 10 - USK23090253** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061191 þannig að innra skipulagi er breytt á 1. og 2. hæð í verslunarhúsi á lóð nr. 10 við Holtaveg.  
Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.*

11. **Hringbraut 121 - USK23090288** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 1.-5. hæðar og innréttá tímabundið íbúðarhúsnæði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd til næstu fimm ára í húsi á lóð nr. 121 við Hringbraut.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. september 2023.  
Gjald kr. 14.500.

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda.*

12. **Hverfisgata 123 - USK23090289** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og últiti húss á lóð nr. 123 við Hverfisgötu.

Erindi fylgir mæliblað.

Gjald kr. 14.500.

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda.*

**13. Hverfisgata 6 - USK23090291** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052754 með því að breyta innra skipulagi á 2. og 3. hæð húss á lóð nr. 6 við Hverfisgötu.  
Gjald kr. 14.500.

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda.*

**14. Hólmaslóð 8 - USK23090305** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 1. og 2. hæðar húss á lóð nr. 8 við Hólmaslóð  
Gjald kr. 14.500.

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda.*

**15. Höfðabakki 1 - USK23070124** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu veitingastað í flokki II, teg. a fyrir 130 gesti í rýmum 0002 og 0003 í mhl. 02. á lóð nr. 1 við Höfðabakka. Erindi fylgir minnisblað um brunahönnun dags. 11. júlí 2023.  
Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi. Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is), um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

**16. Jöfursbás 9 - USK23080218** Sótt er um breytingu á erindi BN059396, hækkun húss á lóð nr. 9a við Jöfurbás, ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.  
Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.*

**17. Köllunarklettsvegur 1 - USK23080236** Sótt er um leyfi til að sameina mhl. 01 og 10 í mhl. 10, innréttu skrifstofur og lager, byggja milliloft yfir lager í mhl. 10 og innréttu þar skrifstofur, opna tímabundið milli mhl. 01 og mhl. 10, síkka glugga og byggja svalir á vesturhlið mhl. 10, bæta við dokkum, hurðum og skábrautum á austurhlið mhl. 10 ásamt því að klæða mhl. 10 að utan á lóð nr. 1 við Köllunarklettsveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Stækkun: xx ferm.

Gjald kr. 14.500.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

**18. Lambhagavegur 12 - USK23080234** Sótt er um leyfi til að byggja bílapvottastöð, sjálfsafgreiðslustöð fyrir jarðefnaeldsneyti og rafhleðslustöð á lóð nr. 12 við Lambhagaveg.  
Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

- 19. Laugavegur 170 - USK23100047** Sótt er um leyfi til að byggja 2. áfanga Heklureits, þriggja til sjö hæða fjölbýlishús með 105 íbúðum og atvinnurýmum á jarðhæð að Laugavegi, á tveggja hæða kjallara með 80 bílastæðum á lóð nr. 170 við Laugaveg.  
Erindi fylgir greinargerð hljóðhönnuðar dags. 29. september 2023.  
Stærð, A-rými: 14.811,7 ferm., B-rými: 750,7 ferm.  
Samtals: 15.562,4 ferm., 49.478 rúmm.  
Gjald kr. 14.500.

*Frestað. Vísað til athugasemda.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

- 20. Laugavegur 76 - USK23100023** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu snyrtistofu í rými 0101 á 1. hæð húss á lóð nr. 76 við Laugaveg.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 14.500.

*Frestað.  
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.*

- 21. Lyngháls 1 - USK23080167** Sótt er um leyfi til að setja upp gámatjald á lóð nr. 1 við Lyngháls. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október sl. fylgir erindi.  
Gjald kr. 14.000.

*Frestað.  
Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2023.*

- 22. Ránargata 4A - USK23090037** Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN061724 þannig að innra skipulagi er breytt í hóteli í flokki IV, teg. a, fyrir 62 gesti á lóð nr. 4a við Ránargötu.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga og bréf hönnuðar dags. 4. október 2023.  
Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

- 23. Skólavörðustígur 31 - USK23010024** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055576, þ.e. mænir og kvistir lækkaðir, útgangshurð baðherbergis breytt í glugga, aðgengi vinnustofu inn á baðherbergi lokað og gluggi á norðausturhlíð minnkaður, á húsi á lóð nr. 31 við Skólavörðustíg.  
Br.á stærð húss: 227,8 ferm., 615,6 rúmm.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 10. mars 2023, yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.*

- 24. Sundagarðar 10 - USK23070230** Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við lagerhúsnæði á lóð nr. 10 við Sundagarða.  
Fyrir stækkun: 3.479,4 ferm., 21.402,8 rúmm.  
Eftir stækkun: 3.883,6 ferm., 23.577,4 rúmm.  
Gjald kr. 14.000.

*Frestað.  
Vísað til athugasemda.*

**25. Sólvallagata 14 - USK23050255** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, byggja lyftuhús norðan aðalinngangs, byggja yfir svalir ofan á inngangi, gera nýjan inngang og tröppur á norðurhlið 1. hæðar að eldhúsi íbúðarhúss, mhl. 01, byggja ofan á bílskúr, mhl. 02, með aðgengi um utanáliggjandi stiga meðfram vesturhlið, jafnframt því að byggia vaksþýli, mhl. 03, fyrir öryggisgæslu í suðvestur horni lóðar og reisa öryggisgirðingu inn á lóð og meðfram lóðarmörkum aðliggjandi lóða einbýlishúss á lóð nr. 14 við Sólvallagötu.

Stækkun Mhl01: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Stækkun Mhl.02: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Stærð Mhl.03 10.0 ferm., 28.0 rúmm.

Heildarstækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppráratta samþykktum 21. febrúar 2017 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2023.

Gjald kr. 14.000.

*Frestað.*

*Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2023.*

**26. Vesturgata 35A - USK23030081** Sótt er um leyfi til þess að hækka um eina hæð, gera kvist og svalir á einbýlishús nr. 35A, mhl.02 á lóðinni Vesturgata 35A og 35B.

Stækkun: 35.4 ferm., 112.6 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa í húsi nr. 35B, MHL.01 og aðliggjandi lóðarhafa í húsi nr. 35 dags. 5. mars 2023, umsögn Minjastofnunar dags. 4. janúar 2023 og afrit af umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022.

Einnig fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2023.

Gjald kr. 14.000.

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2023.*

**27. Vesturgata 35B - USK23030080** Sótt er um leyfi til að byggja risið með kvisti, stigann til að tengja fyrstu hæðina við risið og svalir sem verða eins og neyðarútgangur

Formleg erindislýsing:

Sótt er um leyfi til þess að hækka um eina hæð, gera kvist og svalir á einbýlishús nr. 35B, mhl.01 á lóðinni Vesturgata 35A og 35B.

Stækkun: 35.6 ferm., 125.2 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa í húsi nr. 35A, MHL.02 og afrit af umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022.

Einnig fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2023.

Gjald kr. 14.000.

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2023.*

### Ímis mál.

**28. Heiðarsel 23 – fsp - USK23090144** Spurt er hvort leyfilegt er að byggja íbúð í óskráð kjallara rými.

*Afgreitt.*

*Neikvætt. Með vísan til athugasemda.*

**29. Hraunbær 34 - fsp - USK23090031** Spurt er hvort sækja hefði þurft um byggingarleyfi vegna breytinga á innra skipulagi, sem fólst í að skipta stofu í tvö rými með léttum gipsplötum, færa þvottavél fram á svefnherbergisgang og leiða að henni kaldavatnslögn frá baðherbergi í íbúð 0301 í fjölbýlishúsi við Hraunbæ 34, mhl.18 á lóð 2-34 við Hraunbæ.

*Afgreitt.*

*Neikvætt. Með vísan til athugasemda eldvarnareftirlits.*

**30. Klapparstígur 11 - fsp - USK23080003** Spurt er hvort leyfi fengist fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að fjölga eignum og breyta ósamþykkti íbúð 0202 í tvær minni íbúðir í íbúðarhúsi á lóð nr. 11 við Klapparstíg.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2023.

*Afgreitt.*

*Neikvætt. Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2023.*

**31. Skólavörðustígur 9 - fsp. - USK23100022** Spurt er hvort leyft yrði að gera nýjan stiga milli hæða og hvort undanþága fáist frá kröfum um algilda hönnun á efri hæð hegningaráhússins á lóð nr. 9 við Skólavörðustíg. Erindi fylgir greinargerð með rökstuðningi hönnuðar dags. 15. janúar 2023 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 14. mars 2023.

*Afgreitt. Jákvætt.*

**32. Grjótháls 2 - hraðhleðslustöð - 4.302.2 - USK23090203** Lagt fram mæliblað, dagsett 16. október 2023, fyrir lóðina Grjótháls 2.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

**33. Rekagrandi 2 - 1.512.2 - USK23100133** Lagt fram mæliblað, dagsett 23. október 2023, fyrir lóðina Rekagranda 2.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

### Fundi slitið kl. 10:30

Brynjar Þór Jónasson  
Sigurður Stefán Karlsson